

Skólaráðsfundur 5.október 2022

Mættir: Anna, Rósa, Vala, Alla og Bryndís

- **Agastefnan:** Rætt um að halda þurfi námskeið fyrir kennara og starfsfólk og velt var upp þeirri hugmynd hvort ætti að bjóða foreldrum upp á námskeið. Mikið áhyggjuefni hvað yngstu bekkirnir eru orðnir hegðunarlega erfiðir. Ómenning er í hegðun á miðstigi sem vinna þarf sérstaklega með. Mikilvægt að eiga samstarf og samtalið við foreldra. Erfitt er að fá foreldra inn í vinnu með skólanum sem dæmi þá mættu 12 foreldrar á aðalfund foreldrafélagsins.
- Foreldrafélagið bauð upp á hópefli fyrir 6. – 10. bekk. Þetta hópefli var frábært og skilaði miklu, kennarar fóru einnig á námskeið og hefur þetta verið nýtt áfram inn í teymunum. Hugmyndir komu upp um að reyna að fá danskennslu fyrir 1. – 5. bekk. Einnig var rætt um að endurvekja söngsal í vetur.
- Skólapúlsinn er að koma vel út og þá sérstaklega hvað varðar samskipti við kennara og það er lítið um einelti.
- Réttindaskóli- frestað var að klára verkefni en mikið er verið að vinna með barnasáttmálann og er hann mjög sýnilegur í skólanum. Nú geta nemendur sótt um að fá inngöngu inn í réttindaráð og hættum að tala um nemendaráð. Við ætlum að hafa barnaþing hér innanhús og tengja það þemadögum.
- Bryndís upplýsti um heimsókn frá heimili og skóla en þau óska eftir að hitta foreldrafélagið eða einhverja úr því. Þeir vilja skerpa á hvað er á ábyrgð skóla og hvað á ábyrgð foreldrafélags.
- Fréttabréfið hefur verið að skila öllu því sem þarf.
- Rætt var um hvernig hægt er að auka þátttöku foreldra, ekki nóg að foreldrafélagið vinni að hópefli ef aðrir vinna ekki með s.s íþróttadagar og útivistadagar, allt er þetta mikið hópefli en mikið er um að nemendur séu frá þessa daga.
- Bryndís ætlar að fá starfsfólk heimilis og skóla til að hitta stjórnendur og foreldrafélagið.
- Næsti fundur áætlaður 16.nóvember kl: 15:00